

Ár 2012, þriðjudaginn 11. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör skattrannsóknarstjóra ríkisins

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Skattrannsóknarstjóri ríkisins er ríkisstofnun og heyrir því undir kjararáð að ákveða skattrannsóknarstjóra laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 2. maí 2012 frá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Í bréfinu segir að starfsemi embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins hafi breyst á undanförunum árum og þess óskað að kjararáð endurskoði launakjör skattrannsóknarstjóra. Fram kemur að verulegur hluti þeirra mála sem sæti rannsókn hjá embættinu sé umfangsmeiri og flóknari en áður. Stöðugildum hafi fjölgað frá árinu 2009 úr 21,4 í 30,2 við árslok 2011. Embættinu hafi verið fengin ný verkefni og álag aukist með fjölgun starfsmanna og yfirgrípsmeiri verkefnum. Í bréfinu segir að um hlutverk og verkefni embættis skattrannsóknarstjóra sé fjallað í ýmsum skattalögum. Þannig segi í 1. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að skattrannsóknarstjóri ríkisins skuli hafa með höndum rannsóknir samkvæmt þeim lögum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á séu lögð af hálfu ríkisskattstjóra eða honum falin framkvæmd á. Þá skuli skattrannsóknarstjóri hlutast til um refsimeðferð vegna ætlaðra skattalagabrota. Einnig sé skattrannsóknarstjóra falið ákveðið hlutverk við rannsókn og refsimeðferð vegna brota á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga og lögum nr. 145/1994, um bókhald.

Með bréfi dagsettu 14. maí 2012 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerð vegna erindis skattrannsóknarstjóra ríkisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 29. maí 2012. Í bréfinu staðfestir ráðuneytið það sem fram kemur í erindi skattrannsóknarstjóra til kjararáðs og styður umleitan hans. Erindum hafi fjölgað hjá embættinu og þau séu mörg umfangsmeiri en áður hafi verið. Starfsmönnum embættisins hafi fjölgað og fjárveitingar aukist. Þá hafi embættinu verið fengin aukin verkefni og yfirgrípsmeiri.

Með bréfi dagsettu 5. júní 2012 fékk skattrannsóknarstjóri ríkisins sent svar ráðuneytisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess.

III.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins fer með rannsóknir skattsvika og annarra skattalagabrota. Samkvæmt 103. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt skal skattrannsóknarstjóri ríkisins hafa með höndum rannsóknir samkvæmt þeim lögum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af ríkisskattstjóra eða honum falin framkvæmd á. Nánar er fjallað er um hlutverk og verkefni skattrannsóknarstjóra ríkisins í fjölmörgum skattalögum. Sem dæmi má nefna lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1994. Í reglugerð nr. 373/2001 er fjallað um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna, þar með talið hvernig standa skuli að rannsókn og refsimeðferð mála. Telji skattrannsóknarstjóri efni til refsimeðferðar getur hann hlutast til um refsimeðferð, sbr. 110. gr. áðurnefndra laga um tekjuskatt. Sams konar ákvæði er að finna í öðrum skattalögum. Skattrannsóknarstjóra er einnig falið hlutverk við rannsókn og refsimeðferð vegna brota á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um bókhald nr. 145/1994.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á skattalöggjöf á undanförunum árum sem leiða til aukinna verkefna skattrannsóknarstjóra ríkisins. Má þar til dæmis nefna lög nr. 165/2010 og lög nr. 24/2011.

Samkvæmt 88. gr. laga um tekjuskatt skipar ráðherra skattrannsóknarstjóra ríkisins til fimm ára í senn. Skal hann fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru í 85. gr. sömu laga um embættisgengi ríkisskattstjóra. Meðal hæfisskilyrða er óflekkað mannorð og skal hann hafa lokið prófi í lögfræði,

hagfræði eða viðskiptafræði eða vera löggiltur endurskoðandi. Þá segir að víkja megi frá menntunarskilyrðum hafi maður aflað sér víðtækrar sérmenntunar eða sérþekkingar um skattalöggjöf og framkvæmd hennar.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun skattransóknarstjóra ríkisins, en kjaranefnd ákvað honum laun 21. júlí 1999. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs.

Þær breytingar sem orðið hafa á umsvifum og verkefnum skattransóknarstjóra ríkisins síðan skattransóknarstjóra voru síðast ákvörðuð laun gefa tilefni til breytinga á launum hans. Við ákvörðun launakjara skattransóknarstjóra hefur verið höfð hliðsjón af launakjörum ríkisskattstjóra og formanns yfirskattanefndar.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun skattransóknarstjóra ríkisins skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2012 skulu mánaðarlaun skattransóknarstjóra ríkisins vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú krónur 765.638. Að auki skal greiða honum 32 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú krónur 6.700.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör skattransóknarstjóra ríkisins gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson